

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1989

Nr. 99

230

9. mars 1989

REGLUGERÐ

um Tryggingasjóð fiskeldislána.

1. gr.

Tryggingasjóður fiskeldislána er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Sjóðurinn skal vera í vörslu og umsjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem jafnframt sér um rekstur hans gegn þóknun, samkvæmt sérstökum samningi, sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Hlutverk Tryggingasjóðs fiskeldislána er að tryggja greiðslu afurðalána (sbr. þó 5. gr. um hafbeitt) sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum þannig að afurðalán og rekstrarlán til fiskeldis geti numið allt að 75% af tryggingarverðmæti birgða.

3. gr.

Tryggingasjóður fiskeldislána heyrir undir ráðherra þann sem fer með landbúnaðarmál.

Skal stjórn sjóðsins vera í höndum fimm manna, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skulu fjórir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu og einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva tilnefnir tvo fulltrúa í stjórn, en Stofnlánadeild landbúnaðarins og fjármálaráðherra tilnefna einn fulltrúa hvor. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meirihluti stjórnar að sitja hann og ræður einfaldur meirihluti ákvörðun stjórnar.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls ef hann er stjórnarmaður viðkomandi fyrirtækis eða starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir ef stjórnarmaður er svo persónulega tengdur umsækjanda að hætta er á að hann fái ekki litið hlutlaust á mál.

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu gæta þagmælsku um allt, sem leynt á að fara í störfum þeirra. Óheimilt er stjórninni og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við tryggingarbeiðnir umsækjenda.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

4. gr.

Fiskeldisfyrirtæki sem æskir tryggingar sjóðsins skal sækja um hana til stjórnar sjóðsins á þar til gerðum eyðublöðum og með þeim upplýsingum sem stjórn sjóðsins ákveður.

5. gr.

Sjóðsstjórn fjallar um hverja umsókn og metur hvort umsækjandi skuli fá greiðslu-tryggingu. Jafnframt ákveður stjórnin með hvaða kjörum sjóðurinn veitir greiðslu-trygginguna.

Greiðslu-trygging skal ekki veitt nema:

- a) Umsækjandi hafi afurðalán hjá banka og/eða lánastofnun vegna sömu afurða án greiðslu-tryggingar sjóðsins og nemi það að lág- marki 37,5 % af váttryggingarverðmæti birgða.
- b) Umsækjandi hafi tryggt afurðir sínar á fullnægjandi hátt auk svokallaðrar umfram- skaðatryggingar eða annarrar jafngóðrar váttryggingar, er nemi a.m.k. 50% af tryggingarverðmætum birgða.

Sjóðsstjórn getur veitt lánastofnun greiðslu-tryggingu vegna hafbeitar, þótt fyrrgreind skilyrði séu ekki uppfyllt og þá skv. reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

6. gr.

Sjóðurinn greiðslu-tryggir eingöngu viðbótarafurðalán (sbr. þó 3.mgr. 5.gr. um hafbeita) sem tryggt er með veði í sömu birgðum og afurðalán skv. a-lið 2.mgr. 5.gr. og gengur næst þeim lánnum í veðröð.

7. gr.

Hámark skuldbindinga Tryggingasjóðs fiskeldislána má á hverjum tíma nema samtals 1800 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt (SDR).

Tryggingasjóðurinn veitir greiðslu-tryggingu með útgáfu sérstaks ábyrgðarskjals til viðkomandi banka eða lánastofnunar.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður að höfðu samráði við fjármálaráðherra árlegt iðgjald, sem tekið er fyrir greiðslu-tryggingu sjóðsins, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórnin skal leita tillagna Tryggingaeftirlits ríkisins áður en hún gerir tillögu sína um iðgjald til ráðherra.

Við ákvörðun iðgjaldsins skal miða við að iðgjaldatekjur sjóðsins standi undir rekstri hans og greiðslu skuldbindinga (þ.e. afurðalána skv. 6.gr.).

Umsækjandi skal hlutast til um að banki sá eða lánastofnun, sem veitir afurðalán gegn greiðslu-tryggingu sjóðsins, innheimti árlegt iðgjald sjóðsins með því að draga það frá við útborgun afurðalánsins og/eða af andvirði veðsettra afurða og skila sjóðnum iðgjaldinu.

9. gr.

Tekjuafgang sjóðsins skal leggja í varasjóð sem ætlað er að greiða áfallnar tryggingar.

Komi til þess að varasjóður nægi ekki til að greiða skuldbindingar Tryggingasjóðs, skal sjóðsstjórn taka lán með sérstakri ríkisábyrgð til þess.

10. gr.

Pau fiskeldisfyrirtæki sem njóta greiðslu-tryggingar sjóðsins, skulu greiða sérstakt áhættugjald og reiknast það sem hlutfall af söluverðmæti afurða.

Landbúnaðarráðherra ákveður árlega í samráði við fjármálaráðherra áhættugjaldið að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins.

Fiskeldisfyrirtæki skal afhenda stjórn Tryggingasjóðs fiskeldislána endurskoðaða ársreikninga eigi síðar en 1. júní ár hvert. Skal hið sérstaka áhættugjald þá reiknað og lántaki gefa út skuldaviðurkenningu fyrir því.

Skuldaviðurkenningin er verðtryggð miðað við byggingarvísitölu í janúarmánuði útgáfuárs og fellur skuldaviðurkenning hvers árs í gjalddaga í janúar að fjórum árum liðnum.

Gjald þetta ásamt vísitöluhækkunum er heimilt að taka lögtaki.

Landbúnaðarráðherra getur þegar að innheimtu kemur, fellt gjaldið niður eða lækkað það ef fjárhagur sjóðsins leyfir.

Til bráðabirgða skal leggja áhættugjaldið á við upphaf greiðslutryggingartímans og í upphafi hvers árs sem hlutfall af fjárhæð greiðslutryggs afurðalánasamnings.

Skal á sama hátt gefa út sérstaka skuldaviðurkenningu fyrir áhættugjaldi til bráðabirgða þar til gjald skv. 3. mgr. er reiknað og endanleg skuldaviðurkenning gefin út.

11. gr.

Reikningsár Tryggingasjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Tryggingasjóðs skal lagður fyrir endurskoðanda eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn Tryggingasjóðs. Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir landbúnaðarráðherra til staðfestingar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal birtur í Stjórnartíðindum og með reikningum Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 3, 13. janúar 1989 um breytingu á lögum nr. 45, 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins með síðari breytingum, og tekur gildi nú þegar.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. mars 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.